

1217. stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 12. maí 2021, kl. 17:30 á Grand Hótel Reykjavík - Hvammur.

Mætt voru: Ragnar Þór Ingólfsson, Harpa Sævarsdóttir, Svanhildur Ólöf Þórsteinsdóttir, Bjarni Þór Sigurðsson, Friðrik Boði Ólafsson, Fríða Thoroddsen, Helga Ingólfssdóttir, Jón Steinar Brynjarsson, Jónas Yngvi Ásgrímsson, Selma Björk Grétarsdóttir, Sigríður Lovísa Jónsdóttir, Sigurður Sigfússon, Sigrún Guðmundsdóttir, Þorvarður Bergmann Kjartansson, Þórir Hilmarsson, Stefán Sveinbjörnsson framkvæmdastjóri og Árni Leósson forstöðumaður sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir

Gestir: Oddur Gunnar Jónsson forstöðumaður Fjármála- og rekstrarsviðs VR, Viktor Elvar Viktorsson sérfræðingur í upplýsingatækni á Fjármála- og rekstrarsviði VR og Viðar Ingason hagfræðingur VR

Dagskrá:

1. Fundargerð 1216. stjórnarfundar VR lögð fram til samþykktar

Ragnar Þór lagði fram fundargerð 1216. stjórnarfundar VR til samþykktar en engar athugasemdir höfðu borist við hana.

Fundargerðin var samþykkt og undirrituð.

2. Kynning á Fjármála- og rekstrarsviði VR

Gestir fundarins frá Fjármála- og rekstrarsviði VR, þeir Oddur Gunnar Jónsson forstöðumaður og Viktor Elvar Viktorsson sérfræðingur í upplýsingatækni lögðu fram skjalið „Fjármála- og rekstrarsvið kynning fyrir stjórn VR maí 2021“ og kynntu þar helstu atriði í starfsemi sviðsins á slæðum.

Í máli þeirra kom m.a. fram að helstu verkefni sviðsins væru bókhalds- og reikningskil, gæða- og skjalamál, fjárstýring sjóða, upplýsingatækni og umsjón fasteigna s.s. orlofshúsa. 10 – 11 stöðugildi tilheyra sviðinu.

Saga upplýsingatækni hjá félaginu rakti Viktor Elvar og kom m.a. fram að fyrsta tölvan hafi verið keypt til VR árið 1990 en tölvurekstur var þá hluti af tölvukerfi Lífeyrissjóðs verzlunarmanna en á þann naflastreng var slitið árið 1995. Í Oracle gagnagrunni VR eru til gögn allt frá árinu 1963.

Vefsíðan www.vr.is opnar árið 1998 og VR var án efa fyrst stéttarfélag með „Mínar síður“ fyrir félagsmenn sína sem opnaði árið 2004. Helstu verkefni í upplýsingatækni varða rekstur tölvukerfa, nýsmíði og viðhald sértæks hugbúnaðar og uppsetning og þjónusta hug- og vélbúnaðar.



Stærstu verkefni nú hafa m.a. verið innleiðing og samþykkt tæknistefnu VR, endurnýjun á útstöðvum starfsmanna – „Vinna hvar sem er“ – endurnýjun á notendabúnaði og undirbúningur að nýju orlofskerfi og nýju innraneti.

Sigríður Lovísa mætir hér til fundar kl. 17:55
Umræður.

Að loknum umræðum voru þeim Oddi Gunnari og Viktori Elvari þakkað fyrir áhugaverða kynningu og véku þeir að því búnu af fundi kl. 18:22

3. Þróun launa og kaupmáttar

Gestur fundarins, Viðar Ingason hagfræðingur VR, lagði fram skjalið „*Kjaratölfræði og launarannsókn*“ og fór yfir efni þess á slæðum. Um er að ræða skýrslu kjaratölfræðinefndar 2021 og launarannsókn VR. Í máli Viðars kom m.a. fram að stærsta umfjöllunarefni skýrslunnar eru vinnutímabreytingar en breytingar á vinnutíma launafólks hafa almennt ekki áhrif á launavísitölu, en það geta breytingar á vinnutímaákvæðum kjarasamninga haft ef þær eru ígildi launabreytinga. Niðurfelling neysluhléa eða önnur endurskipulagning á viðveru á vinnustað sem skilgreina má sem samþjöppun á vinnutíma hefur ekki áhrif á greiddar stundir sem standa að baki mánaðarlaunum og er því ekki ígildi launabreytinga. Ef vinnutími er stytur umfram niðurfellingu fastákveðinna neysluhléa, þá fækkar greiddum stundum sem standa að baki óbreyttum mánaðarlaunum.

Þá fór Viðar yfir breytingar á launavísitölu en frá nóvember 2019 til apríl 2020 hækkaði launavísitala Hagstofu Íslands um 4,8% en án áhrifa vinnutímabreytinga er hækkunin metin á 4,1% en hafa ber í huga að vísitala Hagstofunnar mælir tímakaup, ekki heildarlaun eins og VR vísitalan. Þá skoðaði Viðar samanburð milli hópa, þróun kaupmáttar og sagði loks frá launarannsókn VR en það er rannsókn sem er framkvæmd tvisvar sinnum á ári. Stuðst er við upplýsingar fyrir febrúar og september og eru niðurstöður birtar um þremur mánuðum síðar. Rannsóknin byggir á upplýsingum af Mínum síðum og útreikningum m.v. félagsgjöld. Niðurstaðan er sú að laun hækka meira en sem nemur umsömdum launahækkunum og eru grunnlaun í VR í febrúar 2021 að meðaltali kr. 679.000 og heildarlaun kr. 685.000.

Umræður.

Að loknum umræðum var Viðari þakkað fyrir kynninguna og vék hann af fundi kl. 19:07

4. Kjaramál – staðan

Ragnar Þór sagði unnið að ýmsum málum tengdum lífskjarasamningunum. Fundur var í

dag um lífeyrissjóðsfrumvarpið og fjallað um okkar álit en við krefjumst breytinga á frumvarpinu eins og áður hefur komið fram hér á stjórnarfundum s.s. er varðar aldurinn 16 – 18 ára, verðtrygginguna og val um að tilgreind séreign fari ekki sjálfvirkt í samtrygginguna. Svipað álit er komið frá ASÍ og þurftum við að beita nokkrum þrýstingi varðandi valið fyrir tilgreindu séreignina.

Mörg mál eru í raun í uppnámi t.d. starfskjaramálin – févítin – þar sem Efling dró sig út úr vinnunni. Niðurstaðan er að fresta því máli fram á haustið. Þá er verðtryggingarmálið fast í einhverju ráðuneytinu.

Leigufélagið Blær er alveg að fara af stað og erum við búin að borga fyrir lóð VR. Ný stjórn verður skipuð í Blæ á miðvikudag og tekur við keflinu, mótar samþykktir ofl.

Vinnan við Grænbók frestast því þar er enn ágreiningur innan hreyfingarinnar. Ólík sjónarmið og forgangsröðun.

Mikill áhugi reyndist vera á Öldungaráði VR og yfir þrjátíu buðu sig fram til setu í ráðinu í kosningu sem haldin var. Verðum að reyna að nýta þann áhugasama hóp.

Fundur verður í vikunni með formanni Félags leiðsögumanna en við ætlum að skoða hvort þeir geti komið inn í VR sem deild.

Umræður.

5. Könnun um val á leiðum hjá lífeyrissjóðum

Ragnar Þór lagði fram skjalið „Niðurstöður – könnun – MMR - lífeyrismál“ og fór yfir efni þess á slæðum. Í máli Ragnars Þórs kom m.a. fram að samið hefði verið um hækkun lífeyrisgreiðslna af launum úr 12% í 15,5% en lögum hafi ekki verið breytt til samræmis og ákveðnir hópar innan ASÍ hafi viljað að þetta væri lögfest þannig að allt fari í samtrygginguna ef ekki er valið. Við viljum að það sé val og í raun fari tilgreind séreign ekki á ákveðinn stað fyrr en valið hefur verið. Gerðum við því könnun til að spyrja fólkið hvað það vill alveg burtséð frá því hvað VR eða ASÍ vill í málinu.

Um var að ræða netkönnun (spurningavagn) þar sem gagnaöflun fór fram dagana 21. – 28. apríl 2021 meðal úrtaks 18 ára og eldri sem valdir voru handahófskennt en svarfjöldi voru 946 einstaklingar. Niðurstaðan er sú að 37% vilja að allri hækkuninni sé ráðstafað í frjálsa séreign, 13% að allri hækkuninni sé ráðstafað í tilgreinda séreign en aðeins 6% vilja að allri hækkuninni sé ráðstafað í samtryggingu. 45% vissu ekki um málið eða átti ekki við.

Þá var spurt um það hversu vel eða illa svarendur þekktu muninn á réttindasöfnun hjá lífeyrissjóðum þ.e. samtrygging, tilgreind séreign og frjáls séreign. Kom í ljós að 38% þekkja alls ekki eða mjög illa muninn á þessu, 23% þekkja það frekar illa og ekki nema

18% þekkja það frekar vel eða mjög vel. Lífeyrissjóðirnir þurfa því greinilega að fara í að kynna hvað öll þessi hugtök og leiðir þýða þar sem fólk er illa upplýst um réttindasöfnunina.

Umræður.

6. Starfsreglur stjórnar

Stefán lagði fram skjalið „*Starfsreglur stjórnar VR*“ sem kynnt var á síðasta fundi en þær hafa ekki tekið miklum breytingum undanfarin ár. Engar athugasemdir eða breytingatillögur komu milli funda.

Ragnar Þór bar nú upp starfsreglurnar, eins og þær hafa verið kynntar, til samþykkis.

Samþykkt samhljóða.

7. Jafnréttisnefnd VR – áherslur og verkefni

Fríða Thoroddsen formaður Jafnréttisnefndar VR tók til máls og rifjaði upp að á vettvangi VR hefur verið barist fyrir jafnrétti kynjanna í yfir 20 ár með skipulögðum hætti. Enn er þó kynbundinn launamunur um 10%. Þetta er óútskýrður munur bundinn við kyn.

Árið 2015 var hlutverk nefndarinnar víkkað og tekur það nú til mannréttinda almennt. Margar herferðir og kynningar hafa verið haldnar á vettvangi VR gegnum tíðina er snúa að þessum málaflokki og er brýnt að halda starfinu áfram við að laga kynbundinn mun með nýjum leiðum.

Nefndin hefur haldið 5 fundi á starfsárinu 2020 – 2021 og hefur nefndin sett sér markmið og tvö megin verkefni en þau eru:

A. Herferð um launamun kynjanna.

Við ætlum að skoða heimilin – „þriðja vaktin“ þ.e. þá andlegu byrði (e. mental load) sem fylgir því að sinna skipulagi í kringum heimilið en sú byrði lendir helst á konum. Skoðum þetta með auglýsingastofu VR, Hvíta húsinu og Þróunarsviði VR. Ætlum að reyna að koma af stað vitundarvakningu um þetta mál í haust.

B. Samstarf við FKA um aldursfordóma.

Félagsvísindastofnun er með rannsókn á þessu málefni fyrir okkur og hvort þessir fordómar snúi sérstaklega að konum. Síðan hvað sé hægt að gera í þessu en þetta er mannréttindamál.

Framundan er að skoða mannréttindavinkilinn – skoða jaðarhópa – og funduðu þau t.d. með formanni Trans-Ísland í dag.

Umræður.

8. Vinnufundur stjórnar VR

Stefán sagði hugmyndina að halda vinnufund stjórnar fimmtudaginn 3. júní nk. þar sem yrði tekið fyrir t.d. framkvæmd við mótun kröfugerðar VR í næstu kjarasamningum auk umræðu um sjóði VR. Þetta væri fundur frá hádegi fram að kvöldmat. Minnti hann á að greitt sé fyrir vinnutap ef einhver verður fyrir slíku. Við sendum dagskránna og efni fyrir fundinn.

Ragnar Þór óskaði hér eftir heimild fundarins til að framlengja fundi til kl. 20:45 Samþykkt.

Fundi er slitið kl. 20:50

Árni Leósson, fundarritari